

Skýrsla Orkustofnunar 2010 um
raforkueftirlitsmálefni

Lárus Ólafsson,
Harpa Þórunn Pétursdóttir,
Haukur Eggertsson,
Ívar Þorsteinsson

Unnið fyrir: lónaðarráðuneyti

OS-2011/03


**Skýrsla Orkustofnunar 2010 um
raforkueftirlitsmálefni**

**Lárus Ólafsson,
Harpa Þórunn Pétursdóttir,
Haukur Eggertsson,
Ívar Þorsteinsson**

Unnið fyrir: Iðnaðarráðuneyti

OS-2011/03

978-9979-68-296-7

Skýrsla nr.: OS-2011/03	Dags.: 20. maí 2011	Dreifing: Opin <input type="checkbox"/> Lokuð <input checked="" type="checkbox"/>
		Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Skýrsla Orkustofnunar 2010 um raforkueftirlitsmálefni		Upplag: 12
		Fjöldi síðna: 7
Höfundar: Harpa Þórunn Pétursdóttir Haukur Eggertsson Ívar Þorsteinsson Lárus Ólafsson		Verkefnisstjóri: Lárus Ólafsson
Gerð skýrslu / Verkstig:		Verknúmer: 4123000
Unnið fyrir: Iðnaðarráðuneyti		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Samkvæmt 2. mgr. 31. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, og 4. gr. reglugerðar um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila samkvæmt raforkulögum, nr. 466/2003, skal Orkustofnun gefa iðnaðarráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna eftirlits á grundvelli raforkulaga. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun eftirlitsins undangengin þrjú ár. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar sem lýtur að eftirlitsþáttum með raforkufyrirtækjum 2009, rekstrarumfangi árána 2007 til 2009 og áætlunum fyrir 2010 og 2011. Við undirbúning skýrslunnar hefur verið leitað umsagnar samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila samkvæmt raforkulögum. Meðfylgjandi skýrslu þessari er umsögn nefndarinnar.		
Lykilorð: Raforkueftirlit, samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila samkvæmt raforkulögum, raforkulög.	ISBN-númer: 978-9979-68-296-7	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfirfarið af: GAJ 	

Efni: Skýrsla Orkustofnunar 2010 um raforkueftirlitsmálefni

Orkustofnun skal skv. 2. mgr. 31. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, m.s.br., gefa iðnaðarráðherra skýrslu fyrir 15. september ár hvert um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna eftirlits á grundvelli laganna. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun eftirlitsins undangengin þrjú ár. Verður hér á eftir gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar sem lýtur að eftirlitsþáttum með raforkufyrirtækjum 2009, rekstrarumfangi árána 2007 til 2009 og áætlunum fyrir 2010 og 2011.

Tekjur og útgjöld

Samkvæmt raforkulögunum skulu Landsnet og dreifiveiturnar standa undir kostnaði við eftirlit með raforkulögunum. Við setningu laganna 2003 var fjárförf eftirlitsins áætluð og jafnframt ákveðið að tekjustofn fyrir eftirlitsgjaldið yrði grundvölluð á annars vegar þeirri raforku sem mötuð væri inn á flutningskerfið og hins vegar móttekin af dreifiveitum. Gjaldtakan var miðuð við þáverandi flæði raforku um raforkukerfið og 0,3 aurum/kWh fyrir flutningskerfið en 0,7 aurum/kWh fyrir dreifiveitur. Vegna verulegrar aukningar í raforkunotkun á árunum 2005 til 2008, sérstaklega hjá stórnotendum, og að ábendingu samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila frá september 2007, var raforkulögunum breytt þannig að gjald á flutningsfyrirtækið var lækkað úr 0,3 í 0,2 auru á hverja kWst sem mötuð er inn á flutningskerfið og gjald á dreifiveitur lækkað úr 0,7 í 0,5 auru á hverja kWst. sem móttekin er frá flutningskerfinu eða beint frá virkjunum. Jafnframt var innheimtufyrirkomulagi gjaldsins breytt, þannig að gjalddagi þess er 1. mars vegna þess almanaksárs og byggjast á rauntölum vegna liðins árs. Orkustofnun annast innheimtu gjalda þessara fyrir ríkissjóð. Árin 2007 til 2009 hafa samanlögð gjöld verið eftirfarandi:

Tekjur 2007 til 2010 og áætlun 2011				
2007	2008	2009	2010	
60,1 Mkr	-1,8 Mkr	48,3 Mkr	48,3 Mkr	

Ástæða fyrir miklum mismun á innheimtu eftirlitsgjaldi á árunum 2007 til 2009 er breyting á gjalddöku og gjalddaga eftirlitsgjaldsins. Áður var gjalddagi 1. ágúst og hluti gjaldsins innheimur fyrirfram vegna yfirstandandi árs, en samkvæmt gildandi lögum er gjalddagi 1. mars og allt gjaldið byggt á flæði raforku vegna liðins árs. Á árinu 2008 kom því aðeins til leiðrétting á fyrirframgreiðslu liðins árs, sem reyndist vera endurgreiðsla, vegna samdráttar í raforkunotkun. Þar sem upplýsingar um raforkuflæði í flutnings- dreifikerfum fyrir árið 2010 liggur ekki fyrir ennþá eru tilgreindar tekjur 2011 áætlaðar með hliðsjón af raforkuflæðinu á árinu á undan.

Frá því að innheimta raforkueftirlitsgjalds hófst hefur stofnunin krafist gjalds af raforku til dælingar á heitu og köldu vatni í orkuveri annarrar en þeirrar kaldavatnsdælingar sem nauðsynleg er vegna rekstrar raforku- og/eða varmaorkuvers. Snemma á þessu ári (2010) var ofangreind ákvörðun stofnunarinnar kærð til úrskurðarnefndar raforkumála, sem féllst á sjónarmið kæranda. Í kjölfarið var fyrirtækjunum tveimur, sem í hlut áttuð, endurgreidd þau gjöld sem stofnunin hafði óréttilega krafist þau um, en þau námu samtals rúmum 4 Mkr, að vöxtum meðtöldum, yfir fimm ára tímabil.

Vinnuframlag Orkustofnunar svo og áfallinn kostnaður vegna raforkueftirlits, á árunum 2007 til 2009, hefur verið eftirfarandi:

	2007	2008	2009
Vinnuframlag starfsmanna OS (klst.)	4.110	3.528	3.383
Kostnaður 2007 til 2009, þús. kr.			
Vinna OS	33.702	32.458	34.845
Aðkeypt þjónusta og félagsgj.	10.149	12.072	6.052
Samtals	43.851	44.530	40.897

Kostnaður á árunum 2007 og 2008 er hærri en ársins 2009 fyrst og fremst vegna kostnaðar tengdum samanburðargreiningunni, en lokagreiðsla vegna þess verkefnis mun verða innt af hendi á árinu 2010. Þar sem ráðgjafarnir voru erlendir, krafðist samstarfið aukins ferðakostnaðar. Áætlun fyrir árið 2010 gerir ráð fyrir að heildarkostnaður verði tæpar 52 Mkr. Í meðfylgjandi töflum um kostnað stofnunarinnar við raforkueftirlit hefur álag á „útselda vinnu“ stofnunarinnar verið endurskoðað. Við ákvörðun á álaginu er miðað við að útseldur taxti feli í sér hlutdeild í sameiginlegum kostnaði auk þess sem 5% álag er reiknað á taxtann vegna stjórnunarkostnaðar.

Áætlaður kostnaður fyrir árið 2010	
Vinnuframlag starfsmanna OS, klst.	3.823
Vinna OS, þús. kr.	41.288
Aðkeypt þjónusta, þús. kr.	6.600
Ferðakostnaður, þús. kr.	2.300
Félagsgjöld, þús. kr.	1.700
Samtals, þús. kr.	51.888

Á þessu stigi liggur ekki fyrir endanlegt uppgjör fyrir árið 2010.

Bráðabirgðaáætlun fyrir árið 2011	
Áætlað vinnuframlag OS, klst.	3.920
Vinna OS, þús. kr.	42.375
Aðkeypt þjónusta, þús. kr.	6.000
Ferðakostnaður, þús. kr.	2.000
Félagsgjöld, þús. kr.	1.800
Samtals, þús. kr.	52.175

Gert er ráð fyrir að rekstur raforkueftirlitsins verði með svipuðu sniði á árinu 2011 og síðast liðnu ári. Eins og öðrum ríkisstofnunum hefur Orkustofnun verið gert að draga úr kostnaði við rekstur stofnunarinnar en samkvæmt áætluninni munu þær aðhaldsaðgerðir fyrst og fremst koma niður á erlendu samstarfi. Gert er ráð fyrir að launakostnaður verði óbreyttur milli árána 2010 og 2011 og umfang vinnu við eftirlitsstörf verði áþekkt.

Laga- og reglugerðarbreytingar

Á árinu 2008 var gefin út ein reglugerð, nr. 364/2008 um breytingu á reglugerð um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, m.s.br. Um er að ræða breytingu á skilgreiningu á „varaafstöð“. Á árunum 2009 og 2010 var nefnd starfandi við gerð tillagna að breytingum á raforkulögunum en nefndin hefur ekki lokið störfum. Nefndin hefur þegar skilað af sér einstökum tillögum og var í

kjölfarið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum. Um er að ræða verulegar breytingar á ýmsum ákvæðum laganna og varða einna helst starfsemi dreifiveitna og flutningsfyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að Alþingi afgreiði tillögurnar þegar þing kemur saman í upphafi árs 2011. Gildistöku ákvæðis laga nr. 58/2008 um fyrirtækjaaðskilnað dreifiveitna þar sem fjöldi íbúa á dreifiveitusvæðum veitu er 10.000 eða fleiri hefur verið frestað um tvö ár og koma því að óbreyttu til framkvæmda 1. janúar 2012.

Mál fyrir úrskurðarnefnd raforkumála

Eftirfarandi mál fóru til úrskurðarnefndar raforkumála á árinu 2009 og fram til miðs árs 2010:

- Í maí 2009 kærði Landsnet hf. túlkun Orkustofnunar á arðsemiskröfu í raforkulögum til úrskurðarnefndarinnar. Niðurstaða málsins var sú að málinu því skyldi vísað frá, þar sem tímafrestur til kæru á ákvörðun stofnunarinnar um tekjumörk var runninn út.
- Í mars 2010 kærðu HS Veitur hf. túlkun Orkustofnunar á gjaldstofni raforkueftirlitsgjalds. Niðurstaða málsins var sú að ákvörðun stofnunarinnar um að innheimta gjald af raforku sem fer frá raforkuveri til dælustöðva er felld úr gildi.
- Í maí 2010 kærði Landsnet hf. kröfur Orkustofnunar um að sótt skyldi um leyfi til lagningar strengja milli Hellisheiðarvirkjunar og tengivirkisins við Kolviðarhól til úrskurðarnefndarinnar. Niðurstaða málsins var sú að ákvörðun stofnunarinnar var felld niður þar sem fyrirtækinu hafði ekki verið veitt tækifæri til andmæla.

Söfnun bókhaldsgagna, tekjumörk og gjaldskrárbreytingar:

Eins og verklagsreglur stofnunarinnar segja til um aflaði hún bókhalds- og tækniupplýsinga fyrir árin 2007 og 2009 frá veitufyrirtækjunum. Bókhaldsgögnin voru yfirfarin af endurskoðunarfyrirtæki til að staðfesta að þau væru í samræmi við ársreikning fyrirtækjanna og að færsla kostnaðar væri í samræmi við raforkulög. Nýtt tekjumarkatímabil mun hefjast 2011 sem tekur til árana 2011 til 2013. Unnið er nú að setningu tekjumarka fyrir árið 2011 og mun þeirri vinnu væntanlega ljúka innan tíðar.

Uppgjör tekjumarka

Eftirfarandi eru dagsetningar á uppgjöri á tekjumörkum hjá dreifiveitum fyrir árin 2005 til 2008. Dagsetningarnar eru þó með með eftirfarandi fyrirvörum. Miðað er við fyrsta formlega bréf eftir rýniferil beggja aðila. Stundum hafa þó komið fram upplýsingar sem hafa leitt til þess að uppgjör hefur verið tekið upp á ný. Reynt hefur verið, eftir því sem tók eru á, að ganga frá formlegum uppgjörum á sama tíma, þó þannig að dreifiveiturnar hafa haft lokadrög að uppgjörinum hjá sér til skoðunar í mislangan tíma.

Uppgjör 2005		Uppgjör 2006	
HS	28. desember 2006	HS	28. desember 2007
NO	28. desember 2006	NO	28. desember 2007
OH	28. desember 2006	OH	16. október 2009
OR	28. desember 2006	OR	28. desember 2007
OV	28. desember 2006	OV	28. desember 2007
RARIK	28. desember 2006	RARIK	28. desember 2007
RRE	28. desember 2006	RRE	28. desember 2007

Uppgjör 2007		Uppgjör 2008	
HS	16. október 2009	HS	7. maí 2010
NO	16. október 2009	NO	7. maí 2010
OH	20. október 2009	OH	7. maí 2010
OR	16. október 2009	OR	7. maí 2010
OV	16. október 2009	RRE	7. maí 2010
RARIK	16. október 2009	RARIK: Fyrir liggur ósk um endurskoðun á tekjumörkum fyrirtækisins	
RRE	16. október 2009		

Sértækt eftirlit með sérleyfisfyrirtækjum:

Eins og hér að ofan kemur fram aflar Orkustofnun árlega bókhalds- og tæknigagna frá sérleyfisfyrirtækjunum. Endurskoðunarfyrirtæki á vegum Orkustofnunar yfirfer bókhaldsgögnin til að ganga úr skugga um að þau séu í samræmi við ársreikningafyrirtækjanna.

Auk þessa hefur endurskoðunarfyrirtæki farið í heimsókn til allra sérleyfisfyrirtækja sl. fjögur ár til að fara yfir verklagsreglur þeirra varðandi færslu og skiptingu kostnaðar milli sérleyfis- og samkeppnisþátta. Sértæk úttekt var gerð á bókhaldi Rafveitu Reyðarfjarðar á árinu 2008, engin á árinu 2009, en bókhald Landsnets hf. og RARIK ohf. var skoðað á árinu 2010. Sú skoðun sem hér um ræðir er mun ítarlegri úttekt á bókhaldi fyrirtækjanna en hinn hefðbundni samanburður við ársreikning þeirra og sundurliðun kostnaðar. Fyrirhugað er að skoða í framtíðinni, með sama hætti, árlega bókhaldsgögn tveggja veitna.

Reiknilíkan - samanburður á rafmagnsverði

Samanburðarlíkan fyrir verð á raforku, er samstarfsverkefni Orkustofnunar og Neytendastofu. Verkaskipting er þannig að Orkustofnun sér um sérleyfishluta líkansins en Neytendastofa um samkeppnishlutann. Líkanið er aðgengilegt öllum sem eru nettengdir og á að vera einfalt í notkun. Orkustofnun telur líkanið vera mikilvægt tæki fyrir almenna notendur til að bera saman auglýst raforkuverð sölufyrirtækjanna. Leitast hefur verið við að uppfæra líkanið samhliða verðhækkunum, þótt einhverjir meinbugir hafi þar verið á. Margir notendur hafa lýst ánægju sinni með þetta hjálpartæki.

Leiðbeiningar á netinu

Orkustofnun hefur tekið saman leiðbeiningar til veitufyrirtækja um sundurliðun og skiptingu kostnaðar nokkurra kostnaðarliða í bókhaldi fyrirtækja, í flestum tilvikum liða sem eru óheimfæranlegir. Er hér um að ræða leiðbeiningar til að tryggja samræmi í sundurliðun kostnaðar og jafnræði með fyrirtækjunum.

Eftirfarandi leiðbeiningar eru birtar á vefsíðu stofnunarinnar.

- Aðskilnaður blandaðra jarðvarmavirkjana - ásamt fylgiskjöllum
- Aðskilnaður bókhalds
- Afskriftarreglur
- Ákvörðun leigugjalds flutningsvirkja
- Ársreikningar
- Gjaldfærsla styrkja og auglýsinga á sérleyfisstarfsemi
- Gæði raforku og afhendingaröryggi - skilagreinar. Ennfremur fylgir með excel-skjal sem sýnir

hvernig leiðbeiningunum er beitt.

- Leiðbeiningar vegna umsóknar um leyfi til að reisa og reka ný raforkuflutningsvirki
- Lýsingarmannvirki
- Nýjar heimtaugar
- Setning tekjumarka flutningsfyrirtækis og dreifiveitna
- Skipting rafveitueftirlitsgjalds
- Tilkynning um umfangsmikla rekstrartruflun
- Uppgjör milli smávirkjana, flutningsfyrirtækis og dreifiveitna. Ennfremur fylgir með exelskjal

sem sýnir hvernig leiðbeiningunum er beitt.

- Uppgjör tekjumarka dreifiveitna
- Vararafstöðvar
- Viðskiptakerfi
- Öflun bókhalds- og tækniupplýsinga

Auk þess er að finna þýðingu á tillögum Eurelectric til aðildarfélaga um aðskilnað rekstrareininga.

Leyfisveitingar

Orkustofnun veitti Landsneti hf. leyfi til lagningar og reksturs Nesjavallastrengs 2 ásamt tengdum rofa- og stýribúnaði.

Umsagnir

Orkustofnun fær til umsagnar frá Skipulagsstofnun frummats- og matsskýrslur vegna línuframkvæmda Landsnets hf. og vegna virkjanaframkvæmda vinnslufyrirtækja. Umsagnir Orkustofnunar eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

Samræming bókhaldsgagna

Starfsemi veitufyrirtækjanna er ólík og umfang starfsemi þeirra einnig. Raforkulögin gera ráð fyrir aðskilnaði bókhalds veitna milli framleiðslu, dreifingar og sölu raforku. Oftast eru fyrirtækin einnig með aðra starfsemi s.s. sölu á heitu og köldu vatni og sum fyrirtækin bjóða jafnvel enn aðra þjónustu. Bókhald fyrirtækjanna þarf að taka mið af starfseminni.

Til að Orkustofnun geti gegnt hlutverki sínu, hvað eftirlit með veitufyrirtækjunum snertir, þarf ákveðin sundurliðun á bókhaldi fyrirtækjanna að vera til staðar. Hefur stofnunin, í þessu tilliti, reynt að stilla sundurliðunin í hóf eins og kostur er. Fyrirhugaður rekstrarsamanburður gæti krafist ítarlegri sundurliðunar á ýmsum þáttum í bókhaldinu.

Samanburðargreining

Einn nauðsynlegasti þátturinn í framkvæmd raforkulaga og virku raforkueftirliti er að hægt sé að meta stöðu dreifiveitna innbyrðis sem og hvort að hagræðing eigi sér stað í rekstri þeirra. Orkustofnun hefur í því skyni haft hliðsjón af aðferðafræði norræna eftirlitsaðila. Í framhaldi af því leitaði stofnunin samstarfs við sænsk/belgíska fyrirtækið Sumicsid, sem unnið hefur fyrir öll hin norrænu raforkueftirlitin. Settur var á laggirnar sérstakur starfshópur með fulltrúum dreifiveitna til að tryggja tengsl við stofnunina og skipuleggja gagnaskil. Óskað var eftir að þrjár stærstu dreifiveiturnar skiluðu þar til gerðum fyrirsparnarlistum vegna samanburðargreiningar á þeim. Gögn frá þeim liggja nú fyrir.

Erlent samstarf.

Orkustofnun fylgist með vinnu samtaka eftirlitsaðila í Evrópu, CEER og hefur tekið þátt í nokkrum fundum samtakanna. Starfsemi samtakanna er afar víðtæk, sem skilar sér í greinargerðum, skýrslum og margvíslegum tölfræðilegum samanburði. Drjúgur hluti starfseminnar lýtur að innra samstarfi Evrópuþjóðanna og samtengdu raforkukerfi þeirra og snertir Íslendinga lítið sem ekkert. Þá tekur stofnunin þátt í samstarfi eftirlitsaðila á Norðurlöndunum, NordREG. Undanfarið ár hafa verkefni NordREG tengst innri markaði Skandinavíu, þ.e. Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og er meginhluti þeirrar vinnu í nánnum tengslum við Norrænu ráðherranefndina.

Rétt er þó að nefna að upp á síðkastið hefur innan NordREG verið lögð meiri áhersla á aðferðafræði við fjárhagsþætti „reglunar“, eignamat, afskriftir og arðsemi svo og aðlögun smásölu- og neytendaatriðum í 3. pakka Evrópusambandsins. Ásamt Landsneti hf. er Orkustofnun einnig þátttakandi í samstarfi eftirlitsaðila og flutningskerfa á Norðurlöndum vegna viðbragða í vá, þ.e. NordBER.

Á þessu starfsári hafa eftirfarandi skýrslur verið gefnar út:

- Nordic Market Report 2010
- NordREGreport5_2010_Balancing
- Peak load report
- Evaluation of stakeholder comments on NordREG WP 2010
- Work Programme 2010
- NordREG approach to the 3rd package retail and consumer issues

Á síðasta starfsári voru eftirfarandi skýrslur verið gefnar út:

- Letter to the Nordic Council of Ministers - Process towards a common Nordic retail market.

Enclosed document: NordREG view on costs and benefits of a common Nordic retail market

- Nordic Market Report 2009 - Development in the Nordic Electricity Market
- Market Design - Common Nordic end-user market
- Peak Load Arrangements - Assessment of Nordel Guidelines
- Work Programme 2009

Fyrirspurnir og kvartanir

Árlega berast allnokkrar fyrirspurnir og kvartanir til Orkustofnunar, sem lúta að raforkueftirliti. Flestar þeirra tengjast verðskrá og gjaldtöku svo og túlkun á reglugerðarákvæðum. Fyrir liggur að koma upp kerfi hjá stofnuninni til að skrá og halda utan um fyrirspurnir og kvartanir í samræmi við fyrirmæli Evrópusambandsins sem kveðið er á um í raforkutillskipunum sambandsins. Á árinu 2009 voru skráðar kvartanir 6 en skráðar fyrirspurnir 4.

Tapakostnaður

Fram til þessa hefur kostnaður við töp í veitukerfum verið ákvarðaður út frá magntölum, sem upptök eiga í útreikningum Raforkuhóps Orkuspárnefndar og auglýstu raforkuverði hjá Landsvirkjun. Þar sem talsverðar breytingar hafa verið gerðar á heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar taldi Orkustofnun rétt að krefjast útboðs á raforku vegna tapanna með erindi þar að lútandi. Í ljósi þess að flest sérleyfisfyrirtækin höfðu þegar gert samninga um kaup á raforku vegna tapa var erindi stofnunarinnar dregið til baka að því leyti að fyrirbyggjandi samningar sérleyfisfyrirtækjanna haldi gildi sínu út samningstímann. Hvað magntölur tapa viðkemur er Orkustofnun reiðubúin til að ræða aðrar leiðir til öflunar þeirra, sem einfaldari væru og gæfu réttari niðurstöður.

Skjalasafn			
Dags. mótt	20.05.2011	Abm.	Lo
Malsnúmer	2011010017	Aðrir	HPD
Skjalalýkill	10.0	---	1b
Verknumér	4123000	Trún	EBP
Fskilathás		Afr	ANB

Orkustofnun
Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri
Orkugarði
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík 19. maí 2011

Varðar: Skýrsla Orkustofnunar um raforkueftirlit 2010

Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila samkvæmt raforkulögum hefur borist skýrsla Orkustofnunar (OS) um raforkueftirlit 2010. Samkv. ákvæðum raforkulaga skal skýrslunni fylgja umsögn nefndarinnar.

Tekjur og gjöld

Eins og fram kemur eru tekjur OS vegna eftirlitsstarfa nokkru lægri en áætluð útgjöld. Fram kemur að áætlaður kostnaður v. ársins 2010 og bráðabirgðaáætlun fyrir árið 2011 er tæpl. 30% hærrí en fyrir árið 2009. Ekki virðast sjáanleg rök fyrir þessari hækkun önnur en að álag á útselda vinnu stofnunarinnar hafi verið endurskoðað og að 5% hafi verið bætt við taxtann vegna stjórnunarkostnaðar. Áætlaðar tekjur eru þær sömu og 2009.

Eins og fram kemur í umfjöllun um bráðabirgðaáætlun á bls. 2, er OS, eins og öðrum ríkisstofnunum gert að draga úr kostnaði við rekstur stofnunarinnar. Hvað kostnaðaraðhald varðar má ætla að svipaðar aðstæður séu víða í þjóðfélaginu og þá einnig hjá flutnings- og dreifiveitum. Hinsvegar er ekki að sjá merki þess í skýrslunni hvað varðar rekstrarkostnað fyrir árið 2010 og áætlun fyrir 2011.

Nefndin vill því leggja áherslu á að umræddur mismunur tekna og gjalda gefur ekki tilefni til aukinnar gjaldtöku af flutnings- og dreifiveitum.

Tekjumörk

Varðandi umfjöllun um tekjumörk vill nefndin vekja athygli á að OS hefur ekki staðið við tímamörk sem sett eru samkv. þeirra eigin verklagsreglum um skil á uppgjöri tekjumarka, sbr. skjal um verklag við uppgjör tekjumarka dreifiveitna (tilv. 2005080006). Það er óásættanlegt að dreifiveitur þurfi að standa við sín tímamörk að viðlögðum dagsektum en OS getur dregið skil á sínum gögnum án sekta. Þessi dráttur á uppgjöri tekjumarka frá OS hefur áhrif á tekjumarkasetningu og er óviðunandi að nýtt rekstrarár sé hafið án þess að tekjumörk liggi fyrir.

Nefndin færir starfsfólki raforkueftirlits OS þakkir fyrir samstarfið.

F.h. Samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila


Eiríkur Bogason, formaður